



Samantekt stjórnar Íslandsbanka hf. um hlutafjareign hluthafa og atkvæðisrétt þeirra

Í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, leggur stjórn Íslandsbanka hf. eftirfarandi samantekt fyrir aðalfund bankans.

Hlutafé Íslandsbanka hf. er kr. 10.000.000.000. Hlutafé skiptist í 2.000.000.000 hluti hver að nafnvirði fimm (5) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutafé bankans tilheyrir allt einum flokki hlutafjár.

Réttur hluthafa Íslandsbanka hf. til að greiða atkvæði er í samræmi við hlutafjareign þeirra. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs hlutafjár. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Þann 28. febrúar 2025 átti bankinn alls 119.529.230 hluti.

Á vef bankans er birtur listi yfir þá hluthafa sem eiga 1% af hlutafé eða meira, sem í dag eru 11 hluthafar¹ en heildarfjöldi hluthafa bankans er rúmlega 9.900. Íslenska ríkið er stærsti hluthafi bankans með 42,5% hlut, næst stærsti hluthafinn er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins með 7,49% hlut².

Kópavogur, 7. mars 2025

Stjórn Íslandsbanka

¹ Íslandsbanki ekki talinn með.

² Eigin bréf ekki tekin með í útreikningi hlutfalls.